

## **Samþykkt fyrir Öldungaráð Skaftárhrepps.**

### **1. gr.**

#### **Umboð**

Öldungaráð Skaftárhrepps starfar í umboði sveitarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Skaftárhrepps og eftir því sem lög mæla fyrir um.

### **2. gr.**

#### **Verksvið**

Öldungaráðið skal vera sveitarstjórn og nefndum Skaftárhrepps til ráðgjafar um málefni og hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem eru 60 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Skaftárhrepps við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til sveitarstjórnar sem varðar verksvið þess.

### **3. gr.**

#### **Hlutverk**

Öldungaráðið er vettvangur samráðs íbúa sem eru 60 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og yfirvalda sveitarfélagsins og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Skaftárhrepps í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við stofnanir á vegum sveitarfélagsins, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sveitarfélagsins til íbúa sveitarfélagsins sem eru 60 ára og eldri.

#### **Helstu markmið eru:**

- Öldungaráð stuðlar að skoðanaskiptum eldri borgara og kjörinna fulltrúa um stefnu og framkvæmd málefna eldri borgara í Skaftárhreppi.
- Öldungaráð stuðlar að aukinni samstöðu milli kynslóða til að skapa samfélag fyrir alla aldurshópa.
- Öldungaráð leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast.
- Öldungaráð hefur að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra.
- Öldungaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarmál.

### **4. gr.**

#### **Skipan**

Öldungaráðið er skipað þrem fulltrúum frá sveitarstjórn, þrem fulltrúum tilnefndum af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Þá skal einnig vera tilnefndur einn fulltrúi til vara, frá hverjum aðila. Einnig getur ráðið tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjórn kýs formann ráðsins en öldungaráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum, setur sér starfsreglur um framkvæmd verkefna og m.a., gerð tillagna til sveitarstjórnar um öldrunarþjónustu. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og sveitarstjórnar, en að öðru leyti er vísað til 2.mg. 38.gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga (með síðari breytingum) og með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra (með síðari breytingum).

## **5. gr.**

### **Verkstjórn og verkaskipting**

Formaður er í forsvari um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Öldungaráðið er vistað hjá skrifstofu sveitarfélagsins.

## **6. gr.**

### **Boðun funda og fundarsköp**

Öldungaráðið skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega auk opins fundar með sveitarstjórn og hagsmunaaðilum þegar svo ber undir. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Formaður öldungaráðsins boðar fundi, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Skaftárhrepps sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni. Að öðru leyti fara fundarsköp eftir samþykktum um stjórn Skaftárhrepps.

## **7. gr.**

### **Fundaskipulag og ritun fundargerða**

Öldungaráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Öldungaráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til sveitarstjórnar jafnóðum.

## **8. gr.**

### **Málsmeðferð**

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um opinbera stjórnsýslu. Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykktir um stjórn Skaftárhrepps.

Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps XXXX 2023